



ÁLITSGERÐ

Til: Landslaga ehf., c/o Jóhannes Bjarni Björnsson hrl.

Frá: Ragnari Halldóri Hall hrl.

Dags.: 29. júlí 2015.

Efni: Málshöfðun samkvæmt 19. gr. a laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 með síðari breytingum – ábyrgð á dæmdum málskostnaði til handa stefndum aðila og hugsanleg ábyrgð á röngum ásökunum lögmanns málsóknarfélags um refsiverða eða saknæma háttsemi gagnaðila.

I

Inngangur

Landslög ehf. hafa óskað eftir áliti undirritaðs um álitaefnum sem varða hugsanlega ábyrgð á greiðslu málskostnaðar í tilvikum þar sem mál er rekið á grundvelli 19. gr. a laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Tilvitnuð lagagrein kom inn í löginn með breytingarlögum nr. 117/2010 og inniheldur reglur um svonefndar hóp málsóknir. Samkvæmt þeim er þremur aðilum eða fleiri, sem eiga kröfur á hendur sama aðila sem eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings, heimilað að láta málsóknarfélag sem þeir eiga hlut að reka tiltekið mál fyrir dómi í stað þess að reka hver um sig mál gegn viðkomandi aðila.

Í tengslum við undirbúning málsóknar samkvæmt þessari heimild hafa vaknað spurningar um



- hugsanlega ábyrgð félagsmanna í slíku málsóknarfélagi á greiðslu málskostnaðar sem félagið kann að verða dæmt til að greiða stefnda, svo og um
- hugsanlega ábyrgð félagsmanna í slíku málsóknarfélagi á mögulegum bótagreiðslum til gagnaðilans vegna rangra ásakana lögmannna málsóknarfélags í hans garð.

II

Réttareglur varðandi álitæfnið

Málsóknarfélag samkvæmt áðurnefndri lagagrein er almennt félag og er þeim sem að því standa ekki heimilt að takmarka ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum þess. Heimilt er að setja slíku félagi sérstakar samþykktir, en sé það ekki gert gilda um félagið samþykktir sem ráðherra hefur sett samkvæmt reglugerð nr. 818/2010. Félaginu er skylt að halda skrá um félagsmenn.

Þótt málsóknarfélag sé hinn formlegi aðildi dómsmáls sem stefnandi eru félagsmennirnir hver fyrir sig raunverulegir eigendur þeirra hagsmuna sem dómsmálið snýst um.

Lokamálsliður 2. mgr. lagagreinarinnar er svohljóðandi:

Leita má fullnustu á réttindum á hendur málsóknarfélagi hjá félagsmönnum sjálfum.

4. mgr. lagagreinarinnar er svohljóðandi:

Segi félagsmaður sig eftir höfðun máls úr málsóknarfélagi fer það ekki lengur með forræði á hagsmunum hans sem málið varðar og ber félaginu að breyta dómkröfum sínum að því leyti sem úrsögn gefur tilefni til. Dæma má félagsmann, sem svo er ástatt um, til að greiða hlut í málskostnaði sem gagnaðila félagsins kann að verða ákveðinn.

Í greinargerð með frumvarpinu er varð að lögum nr. 117/2010 er ekki að finna neina útlitun á innihaldi þeirrar ábyrgðar sem félagsmenn í málsóknarfélagi bera gagnvart gagnaðila sínum. Ekki er heldur í öðrum lögum að finna útlitun



á innihaldi slíkrar ábyrgðar í svokölluðum almennum félögum í öðrum réttarreglum svo mér sé kunnugt.

III

Niðurstöður

Reglum um hóp málsóknir er ætlað að auðvelda mönnum sem eiga samkynja kröfur á hendur tilteknum aðilum að sækja réttindi sín í félagi. Skilyrði fyrir slíkri málsókn eru skýr – félagsmennirnir í hóp málsóknarfélaginu verða að hafa sömu réttarstöðu gagnvart þeim sem málsóknin beinist að.

Ákvæðin um ábyrgð á skuldbindingum félagsins eru ófrávíkjanleg. Þau innihalda ekki reglur um óskipta ábyrgð félagsmanna á skuldbindingunum og orðið sjálfsskuldarábyrgð kemur þar ekki fyrir. Ekkert í þessum reglum tryggir gagnaðila málsóknarfélagsins þá stöðu að félagsmönnum sé skylt að halda honum skaðlausum af málsókninni ef hann vinnur málið eða að félagsmenn séu sameiginlega ábyrgir fyrir greiðslu málskostnaðar sem honum kann að verða dæmdur. Ef ábyrgðin ætti að vera óskipt væri forsendan fyrir hagræði af hóp málsókn að sjálfsögðu brostin – menn væru þá betur settir með að reka mál hver í sínu lagi og bæru þá aðeins ábyrgð á sínum hluta af málskostnði sem gagnaðila kynni að verða dæmdur.

Þeir sem standa að málsóknarfélaginu eru ekki sjálfir aðilar viðkomandi dómsmáls. Félagið rekur málið í eigin nafni, en félagsmennirnir eiga sjálfir hagsmunina sem málsóknin varðar. Ef málsúrslit verða gagnaðilanum í hag og honum verður dæmdur málskostnaður er alveg ljóst að dómsorðið mun verða á þá leið að málsóknarfélagið skuli greiða honum tiltekna fjárhæð í málskostnað. Ekki getur reynt á ábyrgð félagsmannanna fyrr en þegar og ef í ljós kemur að eignir félagsins hrökkva ekki til greiðslu kröfunnar. Þá fyrst getur gagnaðilinn með réttu krafið félagsmennina um greiðslu. Þar sem þeir bera ekki óskipta ábyrgð á skuldinni kemur til skoðunar hversu mikið hver á að borga.

Í ljósi þess sem að framan greinir er undirritaður þeirrar skoðunar að gagnaðilinn geti ekki krafið einstaka félagsmenn um meira en sem svarar



hlutfallslegri hlutdeild þeirra í þeim hagsmunum sem lágu að baki kröfugerðinni gegn honum í dómssálinu.

Ekki er að finna í reglum um hóp málsóknir sérákvæði sem gætu átt við um bótagreiðslur til aðila dómssáls vegna rangra ásakana lögmáns í garð gagnaðila í kröfugerð eða við rekstur dómssáls. Málsóknarfélagið verður í upphafi að ákveða hvernig kröfugerð í málinu verður sett fram – um ábyrgð á því fer að sjálfsögðu eftir þeim reglum sem að frama var lýst. Um ábyrgð á yfirlýsingum lögmáns undir rekstri máls fer annars eftir almennum reglum – lögmenn geta eins og aðrir bakað sér ábyrgð með orðum sínum og framgöngu. Undirritaður fær ekki séð hvernig slíkt geti beint snert félagsmenn í hóp málsóknarfélagi sem lögmaðurinn vinnur fyrir. Dómsorðið getur að mínu álitu ekki tekið til þess hvort lögmaðurinn eigi að greiða gagnaðila bætur vegna slíkra atvika. Raunar er hugmyndir um slíkar bótagreiðslur afar langsóttar svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Reykjavík 29. júlí 2015

Ragnar Halldór Hall hrl.